

Sérálit fulltrúa Borgarahreyfingarinnar/Hreyfingarinnar Finnbogi Vikar

Undirritaður telur að skipun þessarar sáttanefndar hafi verið mistök og illa ígrunduð vegna þess að í þessari nefnd, svokallaðri „sáttanefnd“, var hagsmunaaðilum með sína vel launuðu starfsmenn att saman og með stjórnmalafólki í einn hrærigraut til að gera tilraun um finna lausn á kvótadeilunni. Undirritaður var óvænt tilnefndur í nefndina af Borgarahreyfingunni/Hreyfingunni þrátt fyrir engin stjórnmalatengsl við Borgarahreyfinguna/Hreyfinguna og því leit undirritaður ekki á sig sem pólitíkus í þessari nefnd heldur sem fulltrúa almennings og með hagsmuni almennings á Íslandi að leiðarljósi í nefndarstarfinu.

Skipun nefndarinnar eru eins og áður sagði mistök vegna þess að ljóst var frá upphafi hver niðurstaðan yrði hjá meirihluta nefndarinnar. Það þarf ekki annað en að skoða hvaða hagsmunir eru að baki nefndarmanna og ljóst er að flestir fulltrúar launþegasamtaka og vinnandi fólks í þessu landi hafa fyrir löngu stillt sér upp með fulltrúum stærstu samtaka atvinnurekenda í þessu landi eftir að hrúnið varð haustið 2008 gegn hagsmunum almennings á Íslandi. Saman mynda þessir aðilar öfluga valdablokk sem ræður miklu í okkar samfélagi með digra ólýðræðislega lífeyrissjóðina sem öfluga kjölfestu í sínu bandalagi.

Það er með ólíkindum að engin krafa skuli verða gerð til stjórnmalaflokka og stjórnmalamanna í þessari nefnd að þeir upplýsi um peningalega styrki til sín frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi á liðnum árum. Þá er undirritaður að tala um styrki vegna prófkjörs nefndarmanna og flokkssjóði stjórnmalaflokkanna. Þessi nefnd er ekki skipuð með hagsmuni almennings í huga og því verður að meta niðurstöðu meirihlutans með ofangreind atriði í huga því þetta er endurómur frá gamla Íslandi sem féll og almenningur í landinu er látinn borga brúsann. Hagsmunaaðilarnir eru komnir saman í nefndina fyrir til tilstuðlan „Fjórlokksins“ að vinna starf pólitíkusanna á Alþingi sem eru ófærir um að taka á vandanum og standa í fæturna gagnvart peningaöflunum í landinu og verja hagsmuni almennings.

Undirritaður vill sjá breytingar til hins betra í fiskveiðistjórn Íslendinga, en ekki til hins verra. Tvær leiðir hafa verið mest til umfjöllunar á lokaspretti nefndarinnar. Samningaleið og tilboðsleið. Undirritaður telur rétt og nauðsynlegt að tilboðsleiðin verði fyrir valinu enda stuðlar leiðin að bættu viðskipta- og samkeppnisumhverfi í sjávarútvegi og ekki síst að bættum sjálfstöðum mannréttindum almennings þar sem aðgengi að veiðiheimildum verður á jafnréttisgrundvelli. Þó lengra mætti ganga, þá telur undirritaður að tilboðsleiðin sé í það minnsta nálægt því að uppfylla þær ströngu kröfur sem Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur gert. Þær kröfur er ekki hægt að virða að vettugi, líkt og bersýnilega er gert með samningsleiðinni.

Samningaleiðin er versta mögulega útkoman sem nefndin getur lagt til þegar hagsmunir almennings eru hafðir í huga. Þetta er með svikayfirbragði sem felur í sér að kvótinn er í raun innkallaður og úthlutaður aftur til núverandi kvótahafa til „eignar“ næstu 15-30 árin með framlengingar ákvæðum. Þetta þýðir í raun óbreytt fiskveiðistjórnunarkerfi sem er að mati undirritaðs algjörlega óásættanleg niðurstaða fyrir almenning í þessu landi. Þrátt fyrir að ákveðnu magni/hlutfalli sé haldið í pottum eins og byggðkvóti, línuvílnun, strandveiðar og fleira, þá er þetta óbreytt kerfi og það sem verra er, það er fest í þessi með öllum þeim ókostum og skaðsemi fyrir hagsmuni almennings. Samningaleiðin skapa LÍÚ og SF fyrirtækjum fyrst og fremst einokunaraðstöðu í sjávarútvegi, bæði í veiðum og vinnslu sem bitnar á almenningi þar sem traðkað er á mannréttindum og réttur útgerðarmanna til að selja sig út úr greininni og þar með að skuldsetja þá sem vilja starfa í greininni er í hávegum hafður af stjórnmalamönnum þessa lands á kostnað hins almenna borgara.

Undirritaður telur að stjórnmalastéttin séu með óbreyttu kerfi að reyna að endurreisa fallið bankakerfi þar sjávarútvegur á Íslandi er skuldsettur við bankakerfið upp 500-600 milljarða króna. Það vekur furðu undirritaðs að stjórnmalastéttin á Íslandi vilji viðhalda fiskveiðistjórnunarkerfi sem hefur komið sjávarútvegi í nánast óviðráðanlega skuldastöðu því það ætti að vera öllum ljóst að skuldsettur sjávarútvegur er kominn til þess að vera í óbreyttu kerfi. Það þýðir að megnið af afrakstri sjávarútvegs endar í vasa bankanna í formi vaxta og afborgana. Þá er verið tala um tugi milljarða árlega, en afraksturinn rennur ekki til almennings í formi skatta, launa eða eyðslu útgerðarmanna. Það verður ekkert að ráði eftir af rekstarhagnaði útgerða þegar búið er að greiða vexti og afborganir. Það er undirrituðum hulin ráðgáta hvers vegna stjórnmalastéttin vill verja hagsmuni bankanna, fjármagnseigenda og erlendra kröfuhafa föllnu bankana með því að gefa útgerðarmönnum kvótann. Það virðist vera tilhneiging til að líta ekki á veiðiheimildir sem tækifæri til að afla tekna fyrir útgerðarrekstur heldur hefur viðhorfið verið að veiðiheimildir gegni einskonar hlutverki eignarhluta í auðlind. Það eitt, að afhenda tiltölulega fámennum hóp fiskveiðiauðlindir á silfurfati er aðför að lýðræðnu í landinu, enda löngu ljóst að íslenskur almennings sættir sig ekki við slíkt fyrirkomulag. Sá eða hópur fólks sem ræður yfir auðlind sem gefur af sér megnið af útflutningstekjum þjóðarinnar og er með mikið sjóðstreymi þrátt fyrir skuldsetningu er valdamesti hópurinn í landinu í krafti þess valds sem auðurinn færir þeim.

Nefndin hefur rætt um ímyndaða nauðsyn þess að samræma lagaumhverfi nýtingu náttúruauðlinda en það er hornsteinn samningaleiðarinnar. Það er algjör óþarfi að mati undirritaðs vegna þess að stunda fiskveiðar eru mannréttindi íbúa strandbyggða þessa lands og í raun frumbyggjaréttur strandbyggðanna að nýta aðlægt fiskimið. Það eru ekki mannréttindi að byggja nýja Kárahnjúka eða reisa nýja Hellsheiðarvirkjun.

Undirritaður styður sem fyrr segir tilboðsleiðina og vill ennfremur að megnið af þeim fiskiafla sem veiddur er innan íslenskrar lögsögu fari á innlendan fiskmarkað eða er seldur í beinum viðskiptum milli útgerðar og fiskvinnslu á innlendu markaðsvirði. Undirritaður telur að vafasamt að nefndin setji fram tillögur varðandi stjórnarskrárákvæði þar sem nefndin hefur sýnt fram á vanhæfni sína til að gæta hagsmuna almennings í þessum málaflokki.

Verði samningaleiðin farin mun það þýða í raun að afnota-/nýtingarréttur fiskveiðiauðlindarinnar verður í raun einkavæddur og gefinn til núverandi kvótahafa. Undirritaður getur ekki lagt nafn sitt undir svo andþjóðfélagslegan gjörning.

Starf nefndarinnar hefur eingöngu miðað að því að ná sáttum við hagsmunaaðila um nýtingu nytjastofnanna, en markmiðið hefði í raun átt að vera að ná um það sáttum við þjóðina. Undirritaður telur því að það væri í anda góðs lýðræðis að leggja tillögur nefndarinnar fyrir þjóðaratkvæði, vilji stjórnvöld raunverulega fara að vilja þjóðarinnar um það með hvaða hætti þessi stærsta sameiginlega auðlind Íslendinga er nýtt.

Undirritaður vill þakka starfsfólki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins fyrir góð kynni og gott samstarf.

Finnbogi Víkar